

Garðheimar Gróðurvörur  
Stekkjarsbakka 6  
109 Reykjavík

Akureyri, 5. júní 2020  
UST202005-097/H.Ö.J.  
07.07.02

### Niðurstöður eftirlits með plöntuverndarvörum

Þann 25. maí 2020 fór Umhverfisstofnun í eftirlit með plöntuverndarvörum hjá Garðheimum Gróðurvörum ehf., í heildsölu og smásölu, til að athuga hvort þær uppfylli kröfur efnalaga nr. 61/2013.

Eftirlitið leiddi í ljós að þrjár af þeim vörum sem féllu undir umfang eftirlitsins uppfylla ekki skilyrði efnalaga nr. 61/2013, reglugerðar nr. 544/2015 og reglugerðar nr. 980/2015. Um er að ræða vörurnar Conserve, Meltatox og Topas 100 EC.

Um umfang og niðurstöður eftirlitsins, þær kröfur sem gilda um merkingar og þau frávik frá téðum kröfum sem eftirlitið leiddi í ljós vísast til meðfylgjandi eftirlitsskýrslu.

**Umhverfisstofnun veitir Garðheimum Gróðurvörum ehf. frest til 24. júní 2020 til að senda stofnunni:**

- **Afrit af merkimiðum fyrir vörurnar Conserve, Meltatox og Topas 100 EC sem eru uppfærðir skv. reglugerð nr. 980/2015 um meðferð varnarefna, í samræmi við skilyrði 8. gr. reglugerðar nr. 1002/2014 um gagnkvæma viðurkenningu á tilteknum markaðsleyfum fyrir plöntuverndarvörur.**

**Úrbætur skulu senda Umhverfisstofnun merktar málsnúmerinu UST202005-097. Rafræn skjöl sendist á [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)**

Umhverfisstofnun veitir Garðheimum Gróðurvörum ehf. hér með frest til 24. júní nk. til þess að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin er athygli á því að í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga mun Umhverfisstofnun birta á vefsetri sínu upplýsingar um niðurstöður eftirlits og til hvaða úrræða stofnunin hefur gripið jafnóðum og ákvarðanir um slíkt liggja fyrir. Bréf þetta og meðfylgjandi eftirlitsskýrsla verða birt á vefsetri stofnunarinnar 10. júní nk. Telji fyrirtækið að efni í bréfinu eða eftirlitsskýrslunni varði hagsmuni sem njóta eigi leyndar skal fyrirtækið tilkynna um það til Umhverfisstofnunar og rökstyðja ástæður þess að efni skýrslunnar ætti að njóta leyndar fyrir 9. júní nk.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að þótt aðeins séu gerðar kröfur varðandi þessa tilteknu vöru gæti verið þörf á úrbótum varðandi fleiri vörur hjá fyrirtækinu til að þær standist kröfur efnalaga eða reglugerða settra á grundvelli þeirra.

Umhverfisstofnun vekur einnig athygli á því að samkvæmt XIII. kafla efnalaga er stofnunni heimilt að beitar þvingunarúrræðum til að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt lögnum, til að mynda með áminningu sbr. 55. gr., álagningu dagsekta sbr. 56. gr., og stöðvun markaðssetningar sbr. 57. og 58. gr.


Jafnframt er vakin athygli á því að samkvæmt gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 innheimtir stofnunin tímagjald vegna eftirfylgni


eftirlits og beitingu þvingunarúrræða, sbr. 30. gr. gjaldskrárinnar. Komi ekki til frekari eftirfylgni eða beitingar þvingunarúrræða í þessu máli verður ekkert gjald innheimt.

Upplýsingar um plöntuverndarvörur má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar<sup>1</sup>.

Fyrirtækinu er velkomið að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Helgu Aspar Jónsdóttur, til að fá nánari upplýsingar um plöntuverndarvörur í síma 591 2000 eða í gegnum netfangið [helgaj@ust.is](mailto:helgaj@ust.is).

Virðingarfyllt,

  
Helga Ösp Jónsdóttir  
sérfræðingur

  
Björn Gunnlaugsson  
teymisstjóri

---

<sup>1</sup> <https://ust.is/atvinnulif/efni/plontuverndarvorur/>